

Auglýsing

99
4. ág.

um staðfesting stjórnarráðsins á

heilbrigðissamþykkt fyrir kaupstaðinn Hafnarfjörð.

Samkvæmt lögum 10. nóvbr. 1905 um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveitafjelög er hjermeð staðfest eftirrituð heilbrigðissamþykkt fyrir kaupstaðinn Hafnarfjörð, sem samin hefir verið af bæjarstjórninni þar.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Samþykktin hefir fult gildi í kaupstaðnum frá Krosseyrarmölum suður að Skiphól, en þó getur bæjarstjórnin hvenær sem hún vill ákveðið, að samþykktin skuli gilda fyrir alla kaupstaðarlóðina.

2. gr.

Bæjarstjóri er formaður heilbrigðisnefndar. Auk hans eiga sæti í nefndinni hjeraðslæknirinn og einn af bæjarfulltrúunum kosinn til 3 ára af bæjarstjórninni.

3. gr.

Formaður kveður nefndina á fund, þá er honum þykir þurfa eða hinir tveir nefndarmennirnir óska þess, þó eigi sjaldnar en einu sinni á hverjum ársfjórðungi. Nefndin skal hafa fundarbók, og rita í hana allar gjörðir sínar. Formaður skal annast um að fyrirskipunum nefndarinnar sje hlýtt.

4. gr.

Heilbrigðisnefndin skal hafa gætur á því, að heilbrigðissamþykktin sje haldin og henni hlýtt í öllum greinum.

Nefndinni skal heimilt að rannsaka eða láta rannsaka alt það, er ræðir um í þessari samþykkt, eða mikla þýðing hefir fyrir heilbrigði manna, hvort heldur á almannaþæri eða einstakra manna eign.

Heilbrigðisnefndin skal færa eða láta færa í eina bók alt það, sem aðfinsluvert er samkvæmt þessari samþykkt, og skal hún skriflega skipa þeim, er í hlut eiga, fyrir um, hvað þeir eigi að gera til umbóta.

5. gr.

Ef heilbrigðisnefnd telur nauðsynlega einhverja þrifnaðarumbót eða heilbrigðisráðstöfun, sem hefir í för með sjer útgjöld úr bæjarsjóði, þá skal hún leggja mál það fyrir bæjarstjórn og fara fram á, að fje sje veitt. Þó getur nefndin látið gera bráðnauðsynlegar þrifnaðarbætur án fengins samþykkis bæjarstjórn-

99 arinnar, ef brýna nauðsyn ber til, að þær sjeu gerðar tafarlaust, svo sem þá er
4. ág. hættuleg farsótt alt í einu kemur upp í kaupstaðnum. Skal þá svo fljótt sem verða má leggja slík útgjöld undir samþykki bæjarstjórnar.

6. gr.

Nú býr eigandi ekki í húsi sínu, og skal hann þá fela einhverjum fullveðja manni, er í húsinu býr, að vera húsráðandi; skal húsráðandi gegna öllum skyldum eftir samþykkt þessari með tilliti til húseignarinnar, sem annars hvila á eiganda.

Eigandi skal tilkynna heilbrigðisnefnd, hver sje húsráðandi.

II. Um hreinlæti og þrifnað.

7. gr.

Heilbrigðisnefndin skal hafa gát á hreinsun torga, gatna og óbygðra lóða.

8. gr.

Á götur og svæði, er almenningur fer um, má enginn fleygja frá sjer hræjum, rusli, skolpi eða öðrum óhreinindum.

Sorpi, ösku og öðrum óhreinindum má hvorki kasta í fjöruna eða lækinn, nje skilja þar eftir neitt það, er valdið geti óhreinlæti eða óheilnæmi, heldur skal flytja það í þar til gerðar safnþrær.

Slor skal flutt á sjó út, ekki skemur en út fyrir Fiskaklett, eða í safnþrær þær, er heilbrigðisnefndin álitur nægilega tryggar.

Hey, þang, mó, mold eða annað þesskonar, sem slæðist eða hrynur niður við flutning um götu eða svæði, sem almenningur fer um, skal sá, er flutningnum ræður, skyldur að hreinsa upp samdægurs. Annars eiga kláfar eða önnur ílát, sem áburður er fluttur í, vera svo þjett og eigi fyllri en svo, að ekki hrynji úr þeim meðan á flutningnum stendur.

9. gr.

Hverju íbúðarhúsi, sem ekki hefir safngryfju, skal fylgja sorpkista úr jární. Í þessar sorpkistur skal láta alt sorp, ösku og rusl úr húsum, og flytja burtu áður en ílátin fyllast.

Bæjarstjórnin getur látið flytja burtu sorp í safnþrær, á kostnað húsráðanda, vanræki hann að flytja það.

10. gr.

Á húshliðar eða gaffla eða girðingar, sem vita að götum, strætum eða torgum, má eigi hengja eða á neinn hátt festa upp fiskiföng þau, er óþrifnað eða óþef leggur af.

11. gr.

99

Á tún þau, er liggja að aðalveginum um kaupstaðinn, má eigi bera á þann áburð, er megnan óþef leggur af. 4. ág.

12. gr.

Skylt er að halda hreinum portum og annari óbygðri lóð í kringum hús, og er það á ábyrgð húseiganda að þess sje gætt.

Enginn húsráðandi má fleygja sorpi, ösku eða öðrum óhreinindum inn á lóð annars manns.

Gjöri hann það, skal hann vera skyldur til að flytja óhreinindin tafarlaust burtu aftur á sinn kostnað.

Húseigandi skal annast um hreinsun á ræsum, er ganga frá húsinu úti göturæsi, og sjá um að þau stífist ekki.

13. gr.

Götur kaupstaðarins og ræsi skal hreinsa á kostnað bæjarsjóðs, svo oft sem heilbrigðisnefnd þurfa þykir.

III. Um vatnsból.

14. gr.

Öll vatnsból, er notuð eru sem neytsluvatnsból, skal verja hverskonar óhreinindum; er bannað að láta í þau fara eða að þeim koma renslu úr skolpræsum, forum, salernum eða peningshúsum, og má ekki þvo nærri þeim fatnað, fisk eða annað það, er óhollustu getur valdið.

15. gr.

Brunn má eigi hafa nær safngryfjum eða salernum en svo, að millibilið sje 15 álnir.

Nú vill einhver gera brunn á eign sinni, eða breyta gömlum brunni, og skal hann, ef vatnið er ætlað til neyslu, tilkynna það heilbrigðisnefndinni, en hún skal dæma um vatnið, þá er grefti eða borun er lokið, hvort það er nýtilegt, og hafa gát á því, að brunnurinn sje gjörður á þann hátt, sem hjer segir.

Ef brunnurinn er boraður og járnþýpa sett niður, skal gæta þess, að öll samskeytin á þýpunum sje vatnsþjett.

Ef brunnur er grafinn, skal hlaða hann upp að innan úr höggnu grjóti eða múrsteini, og líma með steinlími; skal hleðslan þannig gerð svo langt að neðan sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa, en aldrei skemur en nemi tveim álnum. Í stað slíkrar hleðslu má heilbrigðisnefndin leyfa að hafa steinsteypu. Niður með hleðslunni að utan skal láta deiglumó og skal það lag vera ein alin á þykt. Hleðslan skal ná $\frac{1}{4}$ al. eða meira uppúr jörðu, og út frá brunnbarminum skal leggja eða steypa steinkraga, og skal hann vera $1\frac{1}{2}$ al. á breidd að minsta kosti,

99 og halla útfrá brunnopinu. Yfir brunnopinu skal vera vatnsheldur hlemmur, og **4. ág.** skal taka vatn úr brunninum með dælu, er gangi gegnum brunninn. Strompur skal vera uppúr hlemminum, er sje að minsta kosti ein al. á hæð og fimm þuml. að þvermáli.

16. gr.

Heilbrigðisnefnd getur um stundarsakir bannað að taka vatn úr brunni, ef hún álitur vatnið óheilnæmt. Ef læknisrannsókn leiðir í ljós, að vatnið sje skaðvænt og ekki er unt að bæta úr því, skal bannað að hafa vatn úr þeim brunni til neyslu; sje því banni eigi hlýtt, skal eigandi skyldur að moka ofaní brunninn og fylla hann svo, að engu vatni verði úr honum náð. Ákvæði þessarar greinar ná til allra brunna.

IV. *Um peningshús og áburðargryfjur.*

17. gr.

Búpening má ekki hafa í sama húsi og íbúð handa mönnum.

18. gr.

Ef einhver vill reisa peningshús eða gjöra áburðargryfjur, þá skal hann gjöra heilbrigðisnefndinni viðvart áður en verkið er hafið, og skal hún gæta þess, að fyrirmæli þau sjeu haldin, er hjer fara á eftir.

Ekkert peningshús má setja nær vatnsbóli, en nemi fimtán álnum.

Fjós má ekki setja nær íbúðarhúsi eða almannafæri en nemi fimm álnum, og skal þá steinlímdur veggur vera á milli, ella tíu álnir.

Áburðargryfjur má ekki gera nær íbúðarhúsi eða alfaravegi en nemi tíu álnum, og ekki nær vatnsbóli en fimtán álnir. Gryfjur þessar skal gera steinlímdar, svo að þær sjeu vel vatnsheldar; skulu veggirnir jafnan ná $\frac{1}{2}$ alin upp úr jörðu, og skal yfir hverja gryfju setja sterkan hlera, svo að öruggt sje að menn eða skepnur ekki falli í hana, Það skal leyfilegt að safna áburði í vel þjettan vagn, sem ekið sje burtu jafnótt og hann fyllist.

Enginn má safna áburði í haug annarstaðar en þar sem heilbrigðisnefnd segir til, og alls ekki í þjettbygðustu svæðum kaupstaðarins. Í slíka hauga má aldrei bera mannaaur.

19. gr.

Ef peningshús, haugar eða safngryfjur, sem eldri eru en þessi samþykkt, valda óþrifnaði, má heilbrigðisnefnd beita fyrirmælum undanfarandi greinar.

V. *Um salerni.*99
4. ágúst

20. gr.

Þá er hús er reist til íbúðar, skal jafnan um leið gera salerni, innan húss eða utan, eitt eða fleiri, eftir stærð hússins og fjölda íbúða. — Innanhússsalerni skal hafa í sjerstökum klefa, og sje útguggi á hjörum á klefanum, og ílátíð undir setunni tvískift, eða tvö ílát, annað fyrir saur, en hitt fyrir þvag. Utanhússsalerni skal ekki vera nær vatnsbóli, en nemi fimtán álnum. Hafa skal í salerninu saurkagga úr járni og skal hann ná fast upp að setunni.

21. gr.

Í salerni skal seta og gólf jafnan vera vel hrein, og saurilátin skal tæma áður en þau fyllast.

Bæjarstjórnin getur, hvenær sem henni þykir þess þörf, ráðið mann til þess að annast hreinsun salerna og sorpkistna á kostnað húseigenda, og skal hann hafa einkarjett til salernishreinsunar, en bæjarstjórnin ákveður gjald það, er borga ber fyrir hreinsunina.

22. gr.

Ef ekkert salerni fylgir húsi eða bæ, sem eldri er en þessi samþykkt, þá skal húseigandi hafa komið upp salerni við húsið eða bæinn, þrem mánuðum frá því er þessi samþykkt öðlast gildi.

Vinnuveitendur skulu skyldir til þess að reisa salerni, til afnota fyrir þá, sem eru í vinnu hjá þeim, meðan á vinnutíma stendur.

VI. *Um iðnað, sem óhollusta fylgir eða óprifnaður.*

23. gr.

Í kaupstaðnum má enginn reka nokkurn þann iðnað, sem óhollusta fylgir eða óprifnaður, t. d. lýsisbræðslu og sútun, nema heilbrigðisnefndin veiti leyfi til.

Skal allur slikur iðnaður vera háður eftirliti heilbrigðisnefndar, og fyrir-mælum hennar að því er hreinlæti snertir bæði utan húss og innan.

VII. *Um matvæli.*

24. gr.

Heilbrigðisnefndin skal hafa gát á því, að ekki sje höfð á boðstólum matvara, sem skaðleg er fyrir heilsu manna.

99 Nefndinni skal vera frjálst að taka í búðum og öðrum sölustöðum, fyrir
 4. ágúst gangverð, sýnishorn af hverri matvöru þeirri, er hún telur líkur til að skemd
 sje eða skaðleg fyrir heilsu manna, og láta rannsaka hana.

Komi það í ljós við rannsókn læknis eða annara manna, er vit hafa á,
 að einhver matvara er skemd og skaðleg til mannelis, skal lóga vörunni eða
 gera hana á einhvern hátt óskaðlega fyrir heilsu manna, á kostnað þess, sem
 vöruna hefir á boðstólum.

Heilbrigðisnefnd getur bannað matvælasölu, ef sölustaðurinn virðist óhæf-
 ur vegna óþrífnaðar. Svo getur nefndin og bannað matvælasölu um stundarsakir,
 ef næmur sjúkdómur er fyrir á sölustaðnum, og hætt er við, að salan greiði sjúk-
 dómnum götu.

Um mjólkursölu.

25. gr.

Öll mjólkursala skal háð eftirliti heilbrigðisnefndar, og getur heilbrigðis-
 nefndin bannað mjólkursölu á eða frá heimili, ef þar gengur næmur sjúkdómur
 eða ef ástæða er til að ætla, eða vissa er fyrir, að kýrnar sjeu veikar. Heilbrigðis-
 nefndin getur og bannað mjólkursölu, ef óþríflega er farið með mjólkina, eða ef
 hirðing kúnna er í slæmu standi.

Um slátrun og kjötsölu.

26. gr.

Meðan ekki eru komin upp í kaupstaðnum regluleg slátrunarhús, skal
 heilbrigðisnefndin hafa eftirlit með slátrun og kjötsölu. Slátrun skal fara fram
 á hreinlegum stað.

Slátrarar skulu vera á hreinum fötum með ermar brettar upp fyrir oln-
 boga. Þeir skulu ávalt vera hreinir um hendurnar. Menn, sem hafa útbrot á
 höndum, ganga með næman sjúkdóm, mega ekki vera slátrarar. Hundar mega
 ekki vera nálægt slátrun.

Sullum skal safna í sjerstakt ilát, og brennast eða grafast niður í jörðu.
 Kjöt af sjálfdaudum skepnum eða veikum má ekki selja til mannelis. Kjötþúðir
 skulu vera hreinar og loftgóðar. Í þeim má ekki hafa aðrar vörur en kjöt eða
 slátur. Kjötþúðirnar skal hreinsa á hverjum degi.

Um brauðgerðarhús.

27. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á öllum brauðgerðarhúsum og eru bakarar
 skyldir að hlýða fyrirmælum hennar að því er hreinlæti snertir.

Framvegis má enginn reisa brauðgerðarhús fyr en hann hefir fengið leyfi
 heilbrigðisnefndar og skal leyfið bundið þeim skilyrðum er hjer segir:

Brauðgerðarhús skal vera bjart og loftgott. Loft og veggir skulu kalkaðir eða steinlimdir og gólf steinlímt, asfalterað eða hellulagt. **99**
4. ágúst

28. gr.

Öll tóbaksnautn er bönnuð í brauðgerðarhúsum. Enginn má sofa í stofum er hafðar eru til brauðgerðar.

Brauðgerðarmenn skulu hafa yzt klæða hvítar yfirhafnir, er ávalt sjeu hreinar. Þeir skulu þvo höfuð sitt og hendur áður en þeir taka til verka, og ekki mega þeir þvo sjer í vinnustofunni.

Deig má ekki hnoða með fótum. Þeir menn mega ekki vinna að brauðgerð, sem lungnæring hafa, eða annan næman sjúkdóm, eða opin sár eða útbrot á höndum eða handleggjum.

VIII. Um íbúðarhús.

29. gr.

Ef kvartað er yfir því við heilbrigðisnefnd, að herbergi í íbúðarhúsi sje svo fult af óþverra, að sjúkdómshætta stafi af því, getur heilbrigðisnefndin heimt að af leigjanda eða eiganda, að þau sjeu ræstuð.

30. gr.

Bannað er að taka steinhús og kjallara til íbúðar án samþykkis heilbrigðisnefndar.

Nefndin getur bannað íbúð í gömlum kjöllum, ef þeir eru mjög rakir dimmir eða þröngir.

IX. Um skóla.

31. gr.

Heilbrigðisnefndin skal skoða eða láta skoða öll skólahús og skólastofur að minsta kosti tvisvar á ári, í byrjun skólaársins og á því miðju.

Hver sá, er tekur til kenslu tíu börn eða fleiri, er skyldur að tilkynna það heilbrigðisnefndinni, hvar hann ætlar að kenna.

32. gr.

Hver kenslustofa handa börnum skal vera svo stór, að níutíu rúmfet komi á hvert barn.

Sama gildir og um aðra skóla. Gluggar skulu vera á hjörum. Gólf skal

99 þvo á degi hverjum, en ekki sópa. Þó getur heilbrigðisnefnd veitt undanþágu
4. ágúst hvað húsrúmið snertir.

33. gr.

Ef skólakennari eða nemandi hefir berklaveiki eða annan næman sjúkdóm, og læknir álitur að um sóttnæmishættu sje að ræða, þá getur heilbrigðisnefnd bannað að kennarinn eða nemandinn komi í skólann, þar til sóttnæmishættan að dómi læknis er um garð gengin.

Hold sveikur nemandi má ekki vera í skóla, og holdsveikir menn ekki fást við kenslu.

X. Um næma sjúkdóma.

34. gr.

Ef hættuleg farsótt kemur upp í kaupstaðnum eða nálægum sveitum, þá er heilbrigðisnefnd heimilt, að setja um stundarsakir strangari fyrirmæli en í samþykkt þessari felast um hreinlæti utan húss og innan, burtflutning á óhreinindum o. s. frv.

XI. Um kirkjugarða.

35. gr.

Þá er gera skal kirkjugarð, skal leita álits heilbrigðisnefndar, og getur hún heimtað, að garðstæðið sje þurkað með lokræsum, ef það er raklent, svo að vatn komi ekki upp í grafirnar.

Vatnsból skulu ekki vera nær kirkjugarði á jafnsljettu eða undan brekku, en nemi hundrað álum.

Grafa skal svo djúpt, að tveggja álna moldarlag sje ofan á kistu.

XII. Ákvæði um stundarsakir.

36. gr.

Þangað til vatnsveitumálefni bæjarins kemst í betra horf, er öllum stranglega bannað að bera nokkur óhreinindi í lækinn fyrir ofan stíflugarð trjesmiðaverksmiðju Jóhannesar Reykdals, einnig er bannað að hella í hann skolpi, þvo fatnað eða hafast nokkuð það að, sem óhreinakar vatnið í læknum fyrir ofan stíflu, öll umferð um stífluna er einnig bönnuð.

Meðan þessi ákvæði eru í gildi, gilda fyrir þau hin sömu sektarákvæði, **99** sem fyrir brot á heilbrigðissamþykkt þessari. **4. ágúst**

XIII. Um sektir o. fl.

37. gr.

Ef menn brjóta þessa samþykkt, eða vanrækja að framkvæma á settum fresti nokkra þá fyrirskipun, er heilbrigðisnefnd setur samkvæmt henni, þá verðar það alt að 200 kr. sekt, er rennur í bæjarsjóð.

Ef heilbrigðisnefndin kys heldur að vinna verk það, er vanrækt hefir verið, á kostnað þess, er verkið átti að vinna, þá er henni það heimilt, og má þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr bæjarsjóði, og síðan taka hann lögtaki hjá þeim sem sekur er.

38. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. september 1908.

Þetta er hjermeð gjört heyrum kunnugt.

Í stjórnarráði Íslands 4. ágúst 1908.

H. Hafstein.

Jón Magnússon.

Auglýsing

100
4. ágúst

um

atkvæðagreiðslu um aðflutningsbann gegn áfengi.

Samkvæmt þingsályktun neðri deildar alþingis 1905 um aðflutningsbann gegn áfengi er skipað svo fyrir, að jafnhliða alþingiskosningunum 10. septbr. þ. á. skuli framfara almenn atkvæðagreiðsla alþingiskjósenda um það, hvort lögleiða skuli bann gegn aðflutningi áfengra drykkja. Atkvæðagreiðsla þessi skal fara fram svo, sem hjer segir á eftir: